

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
804 Selfossi

Garðabær, 26. maí 2025
202504-0091/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulag Skeiða – og Gnúpverjahrepps 2017–2029 - Stækkun á Búðanámu

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 11. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2017–2029 vegna stækkunar á efnistökusvæði E13, Búðanámu í landi Minna-Hofs. Breytingin felur í sér stækkun námusvæðisins úr 1 ha í 4,5 ha og hækkun á heimiluðu efnismagni úr 50.000 m³ í 60.000 m³, einkum til að mæta þörf fyrir efni í Búðafossveg.

Náttúruverndarstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um matskyldufyrirspurn. Skipulagsstofnunar dags. 7. mars sl. sem mikilvægt er að horfa til¹

Hraun

Í greinargerð kemur fram að efnistökusvæðið liggur að hluta innan Þjórsárhrauns, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

- Náttúruverndarstofnun ítrekar að allt hraun nýtur sérstakrar verndar óháð því hvort um sé að ræða hluta af stærri hraunbreiðu. Hraunið sem um ræðir nýtur því verndar þó það sé lítil hluti af heildarstærð Þjórsárhrauns.
- Í greinargerð matskyldufyrirspurnar kemur fram að náman hafi verið á skipulagi frá árinu 2019. Náttúruverndarstofnun bendir á að hraunið nýtur sérstakrar verndar óháð skipulagslegri stöðu.²
- Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að svæðið sem hér er til umfjöllunar er óraskað.

¹ <https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat%20%20c3%a1%20umhverfis%20a1hrifum%20e2%80%93%20Matskyldufyrirspurn%20-%20St%20c3%a6kkun%20B%20c3%ba%20an%20c3%a1mu%207.%20mars%202025.pdf>

²

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/5dpWm0JrKhRR0IkYDYAlm5/be719c4a1d52eaafac18c9603237d9ee/St%C3%A6kkun_B%C3%BA%C3%B0an%C3%A1mu_-_sv%C3%B6r_framkv%C3%A6mdara%C3%B0ila.pdf

Stofnunin bendir á að umrætt svæði í Þjorsárhrauni er að miklu leyti óraskað og að röskun þess hefði neikvæð og óafturkræf áhrif. Þjorsárhraun er stærsta nútímahraun sem runnið hefur á jörðu frá lokum ísaldar, og er óvíða jafn heillegt og á þessu svæði. Hraunið norðan Búðafoss myndar samfellda og nánast óraskaða hraunbreiðu, um 7 km² að flatarmáli, sem hefur hátt náttúruverndargildi og mikla landslagsheild með Búðargarðinum sem eru mikilvægar ísaldarminjar.

Náttúruverndarstofnun leggur ríka áherslu á að forðast verði að raska slíkum jarðmyndunum nema brýna nauðsyn beri til, sbr. 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Í athugasemdum við lagagreinina segir að aðeins brýnir almannahagsmunir geti réttlætt slíka röskun. Þá ber samkvæmt lögum að rökstyðja sérstaklega ákvörðun um röskun og samkvæmt athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum kemur fram að þá sé eðlilegt að gera grein fyrir öðrum valkostum sem teknir hafa verið til skoðunar, ásamt mótvægisáðgerðum og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta.

Að mati Náttúruverndarstofnunar hefur verndargildi hraunsins ekki verið metið með fullnægjandi hætti og ekki liggja fyrir viðhlítandi rök fyrir því að engir raunhæfir valkostir séu í boði í nágrenninu. Því telur stofnunin að endurskoða beri þörf fyrir stækkun Búðanámu og að áhersla skuli lögð á að nýta þegar röskuð svæði fremur en að hefja efnistöku á nýju, ósnertu svæði innan Þjorsárhrauns.

- Að mati Náttúruverndarstofnunar á að nýta þegar röskuð námusvæði í stað þess að hefja efnistöku á nýjum og óröskuðum stað í Þjorsárhrauninu.³
- Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.
- Náttúruverndarstofnun tekur undir að framkvæmdin mun valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif til töluverð neikvæð áhrif.

Náttúruverndarstofnun bendir á að röskun svæðisins muni hafa áhrif á ásýnd og heildarsvip landslags, sem nýtur einnig verndar skv. 1. gr. og 3. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin vekur athygli á því að ekki liggi fyrir hvernig aðgengi að námusvæðinu verði tryggt án þess að leggja nýja vegi eða slóða, sem geta haft í för með sér frekara rask og sjónræn áhrif.

Framkvæmdarleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

³ <https://www.ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Mat%20%c3%a1%20umhverfis%c3%a1hrifum%20-%20efnistaka%20-%20Hj%c3%a1mholtsn%c3%a1ma.pdf>

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruþyrirbæri sem verða fyrir röskun.

- Að mati Náttúruverndarstofnunar er óljóst hvort verndargildi hraunsins hafi verið metið og hvort aðrir valkostir (efnistökusvæði) utan hraunasvæða sem njóta verndar hafi verið skoðaðir.

Valkostir og ákvörðun Skipulagsstofnunar

Í greinargerð matskyldufyrirspurnar segir að ef ekki næst efni úr Búðanámu, sé fyrir hendi valkostur um efnistöku úr frárennslisskurði Hvammsvirkjunar, þó það kalli á lengri flutning.

- Náttúruverndarstofnun setur því spurningamerki við þörf þess að opna eða stækka Búðanámu, þar sem fyrirbyggjandi valkostir, þ.e.a.s. frárennslisskurður og aðrar námur á svæðinu, tryggja aðgang að því efni sem þarf.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar segir að stofnununin tekur undir með Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun um að æskilegt væri að finna aðrar leiðir til að afla efnis fyrir Búðafossveg.⁴

- Náttúruverndarstofnun telur réttast væri að endurskoða þörfina á námunni frá grunni, með það að markmiði að forðast óþarfa rask á Þjórsárhrauni og þeirri merkilegu landslagsheild sem hraunið myndar með Búðaröðinni.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir

lögfræðingur

4

https://downloads.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/230GeEv6E76oaXcnFcMWER/2adf2065b0465b393b75df2896f92e4c/St%C3%A6kkun_B%C3%BA%C3%B0an%C3%A1mu_-_Matsskyldu%C3%A1kv%C3%B6r%C3%B0un.pdf